



Viðbragðsaðilar á Suðurlandi hittust á Suðurlandsvegi

Síðastliðinn sunnudag var alþjóðlegur minningardagur fórnarlamba umferðarslysa. Viðbragðsaðilar á Suðurlandi hittust á Suðurlandsvegi og minntust þeirra sem hafa látist í umferðarslysum. Mynd: Gunnar Páll Pálsson.

Bríet og Tómas í Þorlákskirkju

Hljómborðsleikarinn Tómas Hjónsson telur niður í jólin með tónleikaröð á aðventunni. Hann fær til sín góða gesti og stórkostlegt tónlistarfólk. Fyrstu tónleikarnir verða föstudagskvöldið 26. nóv. kl. 20 og er það Bríet sem kemur fram. Næstu helgar á eftir eru það KK, Kristjana Stefáns og Júníus Meyvant sem láta ljós sitt skína. Miðaverð er 3.500 kr. og miðasala er á tix.is.



Myndir: Jónatan Grétarsson

Viðbragðsaðilum boðið á fyrirlestur

Rausnarlegt boð Theo-
dórs Francis Birgissonar, klínisks félagsráðgjafa og annars eiganda Lausnarinnar fjölskyldu- og áfallamiðstöðvar barst ofangreindum starfstéttum á dögnum en Theodór, að hans sögn, vildi sýna þakklæti í verki fyrir störf þessara mikilvægu starfsstétta. Fyrirlestrarnir sem voru tveir, þrjá tíma í senn, og um 100 manns þáðu, fjölluðu um áföll og afleiðingar þeirra. Farið var í hvernig áföll birtast og kenndar aðferðir til þess að



vinna með afleiðingar áfalla. Ofangreindar starfsstettir kunna honum bestur þakkir fyrir þetta óvænta og góða framlag!

**Fáðu
fagmann
í verkið**

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

BLACK FRIDAY

KÓSÝSTEMNING FIMMTUDAGSKVÖLD OPIÐ TIL KL. 21

Fallegar jólagjafir – Hanskar, náttfatnaður, skart, ponsjó og töskur

20% afsláttur af öllum vörum miðvikudag til mánudags

Opið laugardag kl. 10-16 og sunnudag kl. 12-16

Afslátturinn gildir einnig í netverslun okkar tiskuverslun.is
Afsláttarkóðinn er **black20**.

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Það eru **30** DAGAR TIL JÓLA

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



25. nóvember - 10. desember

Roðagyllum heiminn
SOROPTIMISTAR
SEGJA NEI
VIÐ OFBELDI

Suðurland og 16 daga átakið

Roðagylltar fánaborgir munu Rskrýða torg í Árborg dagana 25. nóvember til 10. desember næstkomandi, en þá stendur 16 daga alþjóðlegt átak gegn kynbundnu ofbeldi yfir. Upphaf átakins markast af alþjóðadegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi og því lýkur á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna. Með þessu vill Árborg taka þátt í átakinu og styðja málstað þess, en það er einmitt appelsínuguli, eða roðagyllti liturinn, sem er einkennislitur átakins. Samskonar roðagyllta fána verður að sjá í sveitarfélögum á Suðurlandi þessa sömu daga, en öll sunnlensk sveitarfélög hafa sameinast í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi m.a. með samstarfi sínu um SIGURHÆÐIR – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Það er Soroptimistaklúbbur Suðurlands sem rekur SIGURHÆÐIR og hefur forgöngu um sunnlenska þátttöku í átakinu, en allir 19 klúbbar Soroptimista á landinu taka þátt.

6000 samtök í 187 löndum

Um 6000 samtök í 187 löndum, leidd af Sameinuðu þjóðunum taka þátt í átakinu til að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi gegn stúlkum og konum. Markmið átakins, sem nú fer fram í þrítugasta sinn, er að beina at-

hyglinni að alvarleika kynbundins ofbeldis, fræða almenning og hvetja til að ofbeldið verði stöðvað. Til þess þarf vitundarvakningu. Víða um land á Íslandi verða byggingar lýstar upp í roðagylltum lit og einnig sendiráð Íslands um allan heim.

Ein af hverjum þremur konum hafa verið beittar ofbeldi á lífsleiðinni og er það eitt útbreiddasta mannréttindabrot í heimi. Nærri 140 konur eru myrtar á hverjum degi af nánum fjölskyldumeðlimi. Um 15 milljónir núlifandi unglingsstúlkna, 15-19 ára, hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi. Konur eru 72% allra þeirra í heiminum sem hneppt eru í mansal og kynlífsþrælkun. 200 milljónir núlifandi stúlkna og kvenna hafa verið limlestar á kynfærum. Á hverri mínútu eru 23 barnungar stúlkur þvingaðar í hjónaband.

Ofbeldi með síma og tölvu að vopni

Sú hefð hefur skapast að ákveðið málefni verður í brennidepli ár hvert. Áhersla íslenskra Soroptimista mun að þessu sinni beinast að stafrænu ofbeldi. Stafrænt ofbeldi fer fram gegnum tæki og tækni, svo sem síma, tölvu og samfélagsmiðla. Notkun á samfélagsmiðlum hefur aukist mikið undanfarin ár og sífellt fleiri konur og stúlkur eru áreittrar, beittar ofbeldi, ofsóttar, niður-

lægðar eða þeim ógnað gegnum þá. Með auknu aðgengi að stafrænum miðlum og útbreiðslu þeirra varð til ný og oft dulin nálgun á ofbeldi gegn konum og stúlkum þar sem oft er erfitt að rekja ofbeldið, verja sig gegn því og uppræta það. Það getur verið texti eða mynd með skilaboðum eða tölvupósti. Fólk sem verður fyrir stafrænu ofbeldi upplifir oft ótta, reiði, kvíða, þunglyndi og að vera ekki við stjórn á eigin lífi. Fólk finnst það ekki eiga neitt einkalíf, er líklegt til að einangra sig og upplifir hjálparleysi.

Tiunda hver kona hafði orðið fyrir stafrænu ofbeldi fyrir heimsfaraldur Covid-19 en nú hefur fjöldinn aukist mikið.

Ekkert ofbeldi takk í Tryggvaskála

Fimmtudaginn 25. nóvember, við upphaf átakins, verður opin fræðslufundur um SIGURHÆÐIR í Tryggvaskála á Selfossi og hefst hann kl. 19.30. Fjallað verður um roðagyllta átakið, ofbeldi í ýmsum myndum, þar á meðal hið stafræna, meðferðarstarf SIGURHÆÐA og EMDR meðferðina sem þar er veitt sérstaklega. SIGURHÆÐIR er eina úrræðið sinnar tegundar á landinu sem býður upp á slíka áfallameðferð. Fundurinn verður innan settra sóttvarnarreglna.

honnun.prentmetoddi.is

20% afsláttur af öllum pöntunum út desember með kóðanum **OPNUN20**.

20% AFSLÁTTUR ÚT DESEMBER

prentmet **met** **met**
heildartausnir í prentun

Úmbúðir Almenn prentun Bækur Limmiðar Stimplar

VILTU VINNA MEÐ OKKUR?

Vilt þú verða hluti af faglegum, duglegum og skemmtilegum hópi starfsfólks á Skalla? Við bjóðum upp á sveigjanlegan vinnutíma og frábæra stemningu á vinnustað.

ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI Á SKALLA SELFOSSI

Vantar

- Á fastavaktir
- Í aukavinnu
- Í framtíðarstarf

Hæfniskröfur

- Góð íslenskukunnátta
- Metnaður í starfi
- Geta til að vinna hratt og örugglega undir álagi
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst

Skalli

Sá svalasti í bænum

Upplýsingar á staðnum: Skalli Austurvegi 46, Selfossi, sími: 483 1111.

ÉG VIL VINNA MEÐ ÞÉR

Vilt þú verða hluti af faglegum, duglegum og skemmtilegum hópi starfsfólks á KFC? Hefurðu áhuga á að vinna fyrir eina stærstu skyndibitakeðju heims og eiga möguleika á að vinna þig upp og þróast í starfi? Við bjóðum upp á sveigjanlegan vinnutíma og frábæra stemningu á vinnustað.

ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI Á KFC SELFOSSI

Við leitum að skipulögðum og framtakssömum einstaklingum á vaktir 2-2-3 eða í 100% starf. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.

Starfssvið:

Þjónusta við viðskiptavini, þökkun og afgreiðsla á mat, þrif, undirbúningur á morgnana og frágangur á kvöldin.

Hæfniskröfur:

- Góð íslenskukunnátta
- Metnaður í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að vinna hratt og örugglega undir álagi
- Reynsla af veitingaþjónustu
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst

Hefur þú áhuga að slást í hópinn? Fylltu út umsóknarformið á www.kfc.is/atvinna
Fyrirspurnir um störf sendist á barbara@kfc.is
Upplýsingar á staðnum: Sandra, Kfc Selfoss, sími: 570 6763

KFC®



Langreyður í Skötubótinni

Þann 27. október síðastliðinn rak stærðarinnar hval á land í Skötubótinni við golfvöllin í Þorlákshöfn. Um stærðarinnar skíðishval var að ræða. Margir lögðu leið sína til þess að skoða hann enda er sjaldan sem mögulegt að sjá svo stór dýr með berum augum. Fljótt hóf Hafrannsóknarstofnun rannsókn á hvalnum. Þá var hann meðal annars skorinn upp sem gerði sjónarspilið aðeins ófrýnilegra og loks hvarf hann.

Rannsókn Hafrannsóknarstofnunar

Sverrir Daníel Halldórsson líf-fræðingur í hvalarannsóknnum uppsjávarsviðs hjá Hafrannsóknarstofnun gaf upplýsingar um rannsóknina. Í ljós kom að um væri að ræða langreyðartarf. Hann mældist 17,92 metra langur. Ekki var mögulegt að ákvarða neina dánarorök út frá sjáanlegum ummerkjum svo sem skrufuförum eða netaföllum og ekkert plast fannst í meltingunni. Tarfurinn var mjög mjór og virtist ekki í góðum holdum



og engin fæða fannst í meltingu og gera má ráð fyrir að það tengist dánarorsökinni. Ekki er búið að vinna úr sýnum sem tekin voru úr meltingunni.

Hvað var gert við Langreyðina?

Langreyðurinn er í raun ekki farin úr fjörunni því hún var urðuð í sandinum þar. Ef til vill hefði verið heppilegra að sökkva hvalnum í sjóinn þar sem að svo stór dýr geta fætt smádýr svo árum skiptir. Urðun var þó heppilegri valkostur fyrir sveitarfélagið Ölfus í þetta skipti

þar sem að ströndin er grunn og erfitt er að koma viðeigandi búnaði að langreyðinni til að sökkva henni. Mjög ólíklegt er að urðun hvalsins hafi áhrif á lífríkið í fjörunni.

Áframhaldandi rannsóknir á hvólum sem reka á land eru mikilvægar þar sem þær geta varpað ljósi á áhrif manna á þessi mögnuðu dýr og dýpkað skilninginn á þeim.

Bjarni Már Stefánsson og Kolbrún Rósa Gunnarsdóttir, nemendur í FSu.

Jól í Húsinu á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga býður upp á notalega jólastemningu á aðventunni. Upplestur rithöfunda og skálda, bókastund fyrir börn, jólaævin-týri, hátíðleg jólalög og jólasýning Hússins á Eyrarbakka. Jólaandinn verður á Eyrarbakka!

Sunnudaginn 28. nóvember, klukkan 16:00, lesa höfundar úr nýútkomnum verkum sínum. Í ár heimsækja Húsið þau Harpa Rún Kristjánsdóttir, Einar Már Guðmundsson, Ólína Kjerulf Þorvarðardóttir, Haukur Ingvarsson, Inga Kristjánsdóttir og Benedikt Jóhannsson. Lesið verður úr skáldsögum, ljóða-bókum og fræðiritum.

Bókastund fyrir börnin. Laugardaginn 4. desember, klukkan 15:00, koma Bergrún Íris Sævarsdóttir og Gunnar Helgason í skemmtilega heim-sókn. Við lofum fjörugum upp-lestri og fræðandi spjalli um bækur, lestur og teikningar.

Hátíðleg jólastemning. Laugardaginn 11. desember, klukkan 13:00 kemur söng-hópurinn Lóurnar og syngur



Mynd: Friðþjófur Helgason.

undurfögur jólalög og töfra fram sannkallaðan jólayl í hjörtum þeirra sem á hlýða.

Ævintýrið um Augastein. Jólaævintýrið dásamlega eftir Felix Bergsson verður aðgengilegt alla aðventuna á heimasíðu safnsins en jóla-sagan er í formi jóladagatals sem gaman er að sameinast um að fylgjast með á aðventunni. Sagan byggir á sögunum um sveinstaulana þrettán sem við þekkjum svo vel og í sögunni finnum við svarið við því af hverju börn hér á landi hafa mörg hver sett skó út í glugga

rétt fyrir jól. Slóðin á heima-síðuna er www.byggdasafn.is

Árlega heldur Byggðasafn Árnesinga jólasýningu þar sem gömul spýtujólatré eru í önd-vegi og margvíslegt jólatengt er til sýnis. Í ár verður áherslan á jólakveður sem sendar voru í jólakortum og á öldum ljós-vakans. Jólasýning Byggðasafns Árnesinga verður opin frá 13:00 – 17:00 helgarnar 27.-28. nóv., 4.-5. des. og 11.-12. des., aðgangur ókeypis. Á öðrum tímum er opið eftir samkomulagi.



Rebekka Kristinsdóttir er sunnlenski matgæðingurinn þessa vikuna.

Matur er mitt hjartans mál og finnst mér fátt meira slakandi og skemmtilegt eins og að elda. Uppskriftabækurnar hér á heimilinu teljast í tugum og er alltaf jafn gaman að glugga í þær í leit að innblæstri.

En hér kemur meat-free-monday uppskrift, sem auðvelt er að gera vegan ef vilji er fyrir því. Eg mæli eindregið með því að bera réttinn fram með góðu súrdeigsbrauði, heima-gerðu eða úr GK bakaríi.

Ratatouille

Fyrir 4-6 í aðalrétt

- 1 laukur smátt skorinn
- 2 gulrætur skornar
- 2 selleristilkar skornir
- 1 msk. hvítlaukur / 3 hvít-lauksgeirar
- 1 gul paprika skorinn
- 1 rauð paprika skorinn
- 1 dós góðir tómatar
- 1 tsk. herbes de Provence
- 6 basill lauf
- Salt + pipar

Grilla paprikurnar á pönnu/grilli/ofni svo þær verði svartar, setja í skál og plast-filmu yfir og leyfa að svitna í ca. 10 mín. Á meðan er allt

Ég skora á hina nýbokuðu móður Söndru Dögg Garðarsdóttur að koma með einhverja gómsæta uppskrift að viku liðinni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



grænmetið sett í pott og mýkt. Paprikan er síðan söxuð og sett með. Tómatarnir og kryddið sett með og leyft að malla við vægan hita í 10 mín. Síðan er þetta maukað með töfrasprota og sett í eldfast form.

Tómatar
Eggaldin
Zucchini

Þetta er skorið í jafn þykkar sneiðar, bara passa að hafa þær ekki of þykkar og raðað til skiptist ofan á maukið. Þetta er síðan penslað með olíu, hvítlauk og timian, salt og pipar.

Inn í ofn með álpappír í 2 klst. á 140°C + 40 mín. á 170°C eða 60 mín. á 170°C án álpappírs.



Jólabókaupplestur í Bókakaffinu:

Setjum kvóta á gestafjölda

Bókakaffið á Selfossi verður með jólabókaupplestur öll fimmtudagskvöld til jóla en vegna aðstæðna er takmarkaður sætafjöldi. Þeir sem vilja mæta verða því að skrá sig fyrirfram og ekki verða leyfðir fleiri en 25 almennir gestir. Þar við bætast höfundar og starfsfólk.

Við hvetjum áhugasama til að skrá sig með því að senda okkur tölvupóst á bokakaffid@bokakaffid.is. Gefa þarf upp kennitölu og síma. Þeir fyrstu 25 sem skrá sig fá aðgagn en öllum póstum er svarað.

Á fyrsta upplestrarkvöldinu verða eftirfarandi höfundar; Inga Kristjánsdóttir frá Gýgjarhóli sem les úr bók sinni *Bréfin hennar Viktoríu*, Þórunn Rákel Gylfadóttir sem les úr skáldsögunni *Akam, ég og Annika*, Sölvi Sveinsson með smásagnasafnið *Lög unga fólksins* og Gróa Finnsdóttir með skáldsöguna *Hylurinn*.

Notaleg jólastemning með kakóbolla, smákökum og skrafi við skemmtilegt fólk. Munið eftir grímunum.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Ármann Dalmannsson
Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Ég er hæst af öllum í Eyjafirði. Við árdagsskin ég varð að kletti. Mér eru gjafirnar mikils virði. Í miklu sólskini er hætt við ég detti.

Svar við gátu í blaði 2624: **LAG**


1. Áralag - 2. Sönglag - 3. Jarðlag - 4. Bræðralag



SELFOSSE

MIÐBÆR

JÓLANNNA



SÍGILD JÓL Í NÝJU UMHVERFI

VIÐBURÐIR, GLEÐI OG GÓÐUR MATUR ALLA AÐVENTUNA

Þú finnur sannan anda jóla í sögulegu umhverfi miðbæjar Selfoss. Notalegt andrúmsloft í töfrandi umhverfi og skemmtilegar uppákomur fyrir alla fjölskylduna. Í nýjum og notalegum miðbæ er tilvalið að kaupa gjafir, njóta góðra veitinga og upplifa sígilda jólastemningu fyrir austan fjall. Búum til fallegar jólaminningar saman og hittumst í miðbæ jólanna.

Nánari upplýsingar á midbaerselfoss.is



Ástkær faðir minn, bróðir og mágur,

Kjartan Már Hjálmarsson
Hrísholti 18
Selfossi



Lést á heimili sínu sunnudaginn 14. nóvember.

Útför hans fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn
25. nóvember kl. 14:00.

Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu
aðstandendur og vinir viðstaddir.

Alex Már Kjartansson
Victor Már Hjálmarsson **Magnea Ingólfssdóttir**
og fjölskylda.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og systir.

Kristín Carol Chadwick
Fosstúni 21, Selfossi
Hömrúm í Grímsnesi



Lést mánudaginn 15. nóvember á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 2. desember kl.
14:00. Vegna samkomutakmarkana verður streymt frá athöfninni
á slóðinni: <https://selfosskirkja.is/>

Hlynur Chadwick Guðmundsson
Hilmir Chadwick Guðmundsson
Gunnar Kristinn Gunnarsson
Auður Gunnarsdóttir

Hafðís Óskarsdóttir
Agnes Heiður Magnúsdóttir
Ingólfur Jónsson

og barnabörn.

Bræður

Oliver Hinrik Oliversson
Michael Chadwick

Regína Róbertsdóttir

Frá kirkjugarðinum á Selfossi

**Laugardaginn 27. og sunnudaginn
28. nóvember nk. verða jólaaljósir
kveikt í kirkjugarðinum.**

Árvirkjamenn verða til aðstoðar milli kl. 10:00
og 16:00 laugardaginn 27. nóv. og 12:00 og 16:00
sunnudaginn 28. nóv.

Orkugjald er 5.000 kr. á leiði.

Hægt er að greiða á staðnum eða í verslun Árvirkjans.

Kirkjugarðsvörður



Jólaalotta



Prj 22 (24) 26 l, Setjið næstu 36 (38) 40 l
(ermar) á geymslunælu. Fitjið upp 13 (15) 17
l (handvegur). Prj 42 (46) 50 l (bak). Setjið
næstu 36 (38) 40 l (ermar) á geymslunælu.
Klárið umf 22 (24) 26 l. Þá eru 112 (124)
136 l á prjóninum.

Pils

Pilsíð er prjónað með sl prj í hring. Prjónið 6
(8) 10 umf. Í síðustu umf eru sett prjónamerki
til að minna á útaukningar sem gerðar eru í
framhaldi af fyrri útaukningum og í hliðum:
Sp þar sem umferð byrjar. Prj 11 (12) 13 l,
sp. Sp utan um 18. (20.) 22. l (hlið). Prj 17
(19) 21 l, sp. Prj 20 (22) 24 l, sp. Sp utan
um 18. (20.) 22. l (hlið). Prj 17 (19) 21 l, sp.
Klárið umf 11 (12) 13 l.

Útaukning á pils er gerð í fjórðu hverri umf
þannig:

****Prj 11 (12) 13 l, nýl. Í hliðum er gerð nýl til
skiptis sín hvoru megin við merktu lykkjuna,
fyrst fyrir framan og í næstu útaukningu á
eftir henni. Nýl við næsta pm. Prj 20 (22) 24
l (bak), nýl. Gerið eins útaukningu og í fyrri
hliðinni og nýl við næsta pm. Klárið umf 11
(12) 13 l. Prjónið 3 umf **. Endurtakið ** -
** alls 14 (18) 24 sinnum en þá eru komnar
56 (72) 96 umf og á prj eru 196 (232) 280 l.
Skiptið yfir á lengri hringprjón þegar hentar.
Skiptið yfir í aukalitinn og prjónið 1 l í
hverja l og 1 l í þráðinn á milli lykkjana í
fyrri umf. Við það tvöfaldast lykkjufjöldinn.
Prj 3 umf og fellið síðan laust af. Mjög gott
er að nota heklunál og gera fl í hverja l.**

Ermakantur:

Prjónið með aukalit. Setjið geymdu l á stuttan
hringprjón og prjónið fyrst lykkjurnar eins
og í fyrstu umf með aukalit í pilsinu. Takið
upp l þar sem fitjað var upp í handvegi.
Takið líka upp aukalykkjur í hliðunum til að
koma í veg fyrir göt. Þá eru u.þ.b. 90 (95)
100 l á prj. Prj 3 umf og fellið síðan laust af
eins og á pilsinu. Gerið hinn ermakantinn á
sama hátt.

Frágangur

Heklið með aukalitnum fl í hverja
kantlykkju upp boðung vinstra megin og
endið með þrem fl í hornið efst. Heklið í
hverja prjónaða l í hálsmálinu og endið aftur
á 3 fl efst á boðungi hægra megin og síðan
niður á sama hátt og hinum megin. Heklið
upp vinstri boðung fl í fl 5 (6) 7 sinnum.
Þá er gert hnappagat 2 ll og fl í þar næstu
fl. Heklið fl þar til 4 fl eru eftir að horni og
gerið annað hnappagat og byrjið að hekla
takka í kringum hálsmálið og endið efst við
boðung hægra megin.

Slítið frá og dragið endann í gegnum
lykkjuna. Gangið frá endum og saumið tölur
á.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir.

Sérlega jólalegur, og fjörlegur skokkur
fyrir þá sem hafa enn tíma í skemmtileg
handavinnuverkefni fyrir jólin. Auðvitað
má gera hann úr hvaða lit sem er fyrir önnur
tilefni eða bara til að eiga dásamlega hlýja,
mjúka og fislétta flík sem gaman er að dansa
í.

Stærðir: 1 (2) 4 ára. Vídd yfir bringu er 59
(65) 72 sm.

Garn: ANISIA frá Cewec. Dásamlegt
mohair garn sem fæst í ótal litum.

Aðallitur 2 (3) 3 dokkur, aukalit 1 dokka.

Áhöld: Prjónar nr 4, 40, 60 og 80 sm,
prjónamerki, 2 geymslunælur, heklunál nr
3,5 og 2 hnappar.

Aðferð: Skokkurinn er prjónaður ofan frá
og niður með tvöföldu garninu og hnepping
getur verið að framan eða aftan.

Prjónafesta: 19 l = 10 sm.

Skammstafanir: l = lykkja/lykkjur, umf
= umferð/ir, sl = slétt, br = brugðið, sp =
setja prjónamerki, nýl = prj í þráðinn milli
síðustu l og þeirrar næstu, fl = fastalykkja, ll
= loftlykkja. Takkar = *3 fl, 2 ll, fl í síðustu
fl* Endutaka *-*

Berustykki

Fitjið upp 78 (82) 86 l og prjónið til baka
stroff þannig: Takið fyrstu l fram af
prjóninum óprjónaða (eins og eigi að gera
brugðna l en þá kemur slétt l á kantinn) og
síðan til skiptis 2 br og 2 sl. Endið á 3 sl.
Prjónið 2 umf eins. Restin af berustykkinu er
prjónuð slétt, þ.e. sl prjón á réttunni og br til
baka á röngunni nema þá er síðasta l prj sl.
Fyrsta lykkjan er alltaf tekin óprjónuð.

Í fyrstu umf eru sett prjónamerki þannig til
að minna á útaukningar:

Prjónið 11 (12) 13 l, sp, 2 l, sp, 14 l (öxl),
sp, 2 l, sp, 20 (22) 24 l (bak), sp, 2 l, sp,
14 l (öxl), sp, 2 l, sp, 11 (12) 13 l. Prjónið
brugðið til baka.

Útaukningar: ****Prjónið 11 (12) 13 l, nýl, 2
l *(þessum lykkjum fjölga um 2 l í hvert
sinn sem aukið er út), nýl, 14 l, nýl, 2 l *,
nýl, 20 (22) 24 l, nýl, 2 l * nýl, 14 l, nýl,
2 l *, nýl, 11 (12) 13 l. Prj br til baka. **
Endurtakið ** - ** alls 10 (11) 12 sinnum.
Þá eru á prjóninum 158 (170) 182 l.**

Í næstu umf eru ermalykkjur settar á
geymslunælur og fitjað upp á nýjum lykkjum
í handvegum þannig:



Hannyrðabúðin

Eygravegi 23, Selfossi // 555 1314





Tölum um hesta

Höf.: Benedikt Líndal og Sigríður Ævarsdóttir
Prentun: Prentmiðlun/Lettlandi

Í þessari einstöku bók er talað um hesta frá ýmsum sjónarhornum.

Hjónin Benedikt Líndal tamningameistari, reiðkennari og hrossabóndi í Borgarfirði og Sigríður Ævarsdóttir hómópati manna og hesta, alþýðulistakona og jarðarmóðir, skrifa hér út

frá hjartanu um reynslu sína af hestum og lífi sínu með þeim.

Sagt er frá eftirminnilegum hestum og atvikum þeim tengdum og inn í frásögnina flétta þau fræðslu, sögum, ljóðum og því nýjasta sem uppgötvað hefur verið um hesta.

Þessi innihaldsríka og fallega myndskreytta bók er fyrir alla sem hafa áhuga á hestum



Bestu kleinur í heimi

Prentun: Héraðsprent, Egilsstöðum

Hvað er betra en nýsteiktar kleinur? Á Íslandi lifir kleinan enn góðu lífi. Í flestum matvöruverslunum er hægt að næla sér í poka af fjöldaframleiddum kleinum og eins hafa bakarar um land allt verið duglegir við að bjóða okkur upp á ágætis kleinur. En

þrátt fyrir ágætt framboð þá gleymast seint kleinurnar sem urðu til í eldhúsinu heima. Í þessari fallegu bók, sem fengið hefur nafnið Bestu kleinur í heimi, eru 57 kleinuuppskriftir, gott sýnishorn af heimagerðum íslenskum kleinum. Auk gírnilegra uppskriftanna er svo að finna í bókinni ýmsan skemmtilegan fróðleik um kleinur.




Pegar Stúfur bjargaði jólinum

Höf.: Ari H. G. Yates
Prentun: Prentmiðlun/Lettlandi

Stúfur er kominn með kappnóg af því að vera minnsti jólasveinninn sem allir gera grín að! Hann stormar út úr Jólaveinu í fússi og hittir þá Sveinka, furðulegan jólasvein í rauðum fötum, sem þarfnast hjálpar eftir að hafa brotlent sleða sínum – því annars verða engin jól! Þeir félagar flækjast á milli helstu furðuvera Íslands í leit sinni að ráðum til að bjarga

jólinum. Þeir snúa snúa vörn í sókn og ná að safna saman ýmsum kynjagripum sem búa yfir töframætti ... en ná Stúfur og Sveinki að bjarga jólinum í tæka tíð?

Í þessari einstöku bók, sneisafullri af klikkuðum húmor fyrir börn, unglinga (og vonandi líka fyrir fullorðna), leiðir höfundurinn saman íslensku jólasveinana og þann ameríska á snilldarlegan hátt.



Kettlingur kallaður Tígur

Holly Webb
Ísl. þýð.: Kristján Hreinsson
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Eva og systur hennar geta ekki leynt ánægju sinni. Þær mega loks eignast kettling og allir eru sammála um að hinn hugrakki og ævintýragjarni Tígur sé einmitt sá rétti fyrir þær.

En um leið og Tígur er kominn inn á heimilið fer hann að valda þeim áhyggjum með uppátækjum sínum. Einn daginn hverfur Tígur svo að heiman. Eva er alveg viss um að hann sé búinn að koma sér í vandræði og hún verði að koma honum til hjálpar sem fyrst – en til þess þarf hún að vera næstum því jafnhugrökk og Tígur.



Óskar var einmana um jólin

Holly Webb
Ísl. þýð.: Ívar Gissurarson
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Hanna er ánægð með Óskar, hvolpinn sem hún eignaðist nýlega, og vildi helst alltaf vera hjá honum. Það getur Hanna

hinsvegar ekki vegna skólans og æfinga fyrir jólaeikritið þar. Á meðan Hanna er í burtu þá leiðist Óskari alveg óskaplega mikið – hann getur bara ekki skilið af hverju Hanna getur ekki verið meira hjá honum.

SMÍÐIR ÓSKAST

Byggingafélagið Laski ehf óskar eftir smiðum eða laghentum mönnum í viðhaldsvinnu og endurbætur.

Fyrirspurnir og umsóknir sendist á laski@laski.is



Fyrirlestur

Forvarnarteymi Árborgar byður íbúum sveitarfélagsins upp á fræðandi fyrirlestur frá Theodór Francis Birgissyni, klínískum félagsráðgjafa. Hann mun fjalla um fjölskyldulífið og mikilvægi samverustunda en í aðdraganda jóla er gott að minna sig á að aukin samvera barna með foreldrum sínum hefur eitt besta forvarnargildið.

Fræðslan fer fram á TEAMS þann 30. nóvember klukkan 20:30 og er opin öllum. Linkinn má finna inn á heimasíðu sveitarfélagsins (www.arborg.is) sem kemur inn samdægurs.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Svæðisskipulag fyrir Suðurrhálendið Opinn kynningarfundur

Opinn kynningarfundur á vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið verður haldinn í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli 24. nóvember nk. kl. 19:30 – 21:30. Fundinum verður líka streymt, sjá nánar á www.sass.is

Svæðisskipulagsnefnd fyrir Suðurrhálendið

Penninn Eymundsson opnar á Selfossi

Ný verslun hefur opnað að Brúarstræti 6 í nýja miðbænum á Selfossi

Við bjóðum alla Sunnlendinga, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, velkomin og hlökkum til að eiga við ykkur farsælt og ánægjulegt samstarf í ykkar heimabyggð!



penninn.is
540-2316 / 540-2050

selfoss@penninn.is
penninn@penninn.is

PENNINN Eymundsson

LEIKFÉLAG SELFOSSYNIR leikfelagsselfoss.is s. 482-2787

Beint í æð!

Höfundur GUNNAR BJÖRN GUÐMUNDSSON
RAY COONEY í þýðingu GÍSLA RÚNARS JÓNSSONAR

Sýningar
13. sýning 23. nóv - kl: 20:00
14. sýning 25. nóv - kl: 20:00
15. sýning 26. nóv - kl: 20:00
LOKASÝNING

Miðasala á leikfelagsselfoss.is og í síma 482-2787 eftir kl 18

Miðaverð 2.500 kr.
Hópafláttur fyrir 10 eða fleiri 2.000 kr.

Sýnt er í Litla leikhúsinu við Sigtún
Upplýsingar og pantanir á midasala@leikfelagsselfoss.is

Listaverk úr heimabyggð í jólapakkann þinn

Líkt og undanfarin ár verður opið hús á aðventunni hjá lista- og handverksfólkinu í Egilstöðum við Skólamörk í Hveragerði. Á neðri hæð hússins er Handverk og hugvit með sínar vinnustofur og á efri hæðinni er

Myndlistafélag Árnesinga.

Opið verður dagana 26. – 27. nóv. 3. – 4. des 10. – 11. des. og 17. – 18. des. föstudaga kl: 13:00 – 18:00 og laugardaga kl: 13:00 – 17:00. Auk þess verður opið tvö fimmtudagskvöld í des. 2. og

9. kl: 20:00 – 22:00 en þá munu rithöfundar og tónlistarfólki hér í Hveragerði bjóða gestum okkar upp á upplestur úr bókum sínum og jólatónlist.



Jól í Húsinu á Eyrarbakka

*Bókaupplestur,
jónaævintýri,
jólalög og
jólásýning Hússins*

Byggðasafn Árnesinga býður upp á notalega jólastemningu á aðventunni. Upplestur rithöfunda og skálda, bókastund fyrir börn, jólaævintýri, hátíðleg jólalög og jólásýning Hússins. Jólalandinn verður á Eyrarbakka!

Skáldastund. Sunnudaginn 28. nóvember, klukkan 16:00, lesa höfundar úr nýttkomnum verkum sínum. Í ár heimsækja Húsið þau Harpa Rún Kristjánsdóttir, Einar Már Guðmundsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Haukur Ingvarsson, Inga Kristjánsdóttir og Benedikt Jóhannsson.

Bókastund fyrir börnin! Laugardaginn 4. desember, klukkan 15:00, koma Bergrún Íris Sævarsdóttir og Gunnar Helgason í skemmtilega heimsókn. Við lofum fjörugum upplestri og fræðandi spjalli um bækur, lestur og teikningar.

Hátíðleg jólastemning. Laugardaginn 11. desember, klukkan 13:00. Sönghópurinn Lórnar mun syngja undurfögur jólalög og töfra fram sannkallaðan jólayl í hjörtum þeirra sem á hljóða.

Ævintýrið um Augastein. Jónaævintýrið dásamlega eftir Felix Bergsson verður aðgengilegt alla aðventuna á heimasíðu safnsins en jólasagan er í formi jóladagatala sem gaman er að sameinast um að fylgjast með á aðventunni. Sagan byggir á sögunum um sveinstaulana þrettán sem við þekkjum svo vel og í sögunni finnum við svarið við því af hverju börn hér á landi hafa mörg hver sett skó út í glugga rétt fyrir jól.

Jólásýning Byggðasafns Árnesinga verður opin frá 13:00 – 17:00 helgarnar 27.-28. nóv., 4.-5. des. og 11.-12. des., aðgangur ókeypis. Á öðrum tímum er opið eftir samkomulagi.



GK bakarí gegn ofbeldi

GK bakarí við Austurvegin 16 daga áttakinu gegn ofbeldi lið á þann hátt sem þeir Guðmundur Helgi Harðarson og Kjartan Ásbjörnsson bakarar kunna bakara best. Á meðan á áttakinu stendur, eða 25. nóvember til 10. desember, mun bakaríð bjóða upp á súkkulaðimuffins með canache kremi skreyttu appelsínugulu sem er litur áttaksins.

„Við viljum hjálpa á þann veg sem við getum,“ segir

Kjartan í samtali við Dagskrána, en allur ágóði af sölnunni á þessu appelsínugula muffins mun renna til SIGURHÆÐA, sem er ný þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi.

„Það er mikilvægt að styðja við samfélagið hér og styrkja það sem vel er gert,“ bætir hann við. Og nú er það bara samfélagsins hér á Selfossi að bregðast við og hafa appelsínugult muffins með kaffinu á meðan á 16 daga áttaki gegn ofbeldi stendur.



»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að
vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

www.dfs.is/atvinna/

Opnunartímar: 1. maí – 30. sept. alla daga kl. 11–18
eða eftir samkomulagi | sími: 483 1504 & 483 1082
info@byggdasafn.is | www.byggdasafn.is



**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**

Nemendur Grunnskólans í Hveragerði fengu verðlaun

Á hverju ári í tilefni af evrópa-tungumáladeginum, þann 26. september, stendur félag enskukennara á Íslandi fyrir smásagnakeppni á ensku á meðal grunn- og framhaldsskóla landsins. Líkt og undanfarin ár tekur Grunnskólinn í Hveragerði þátt í henni en smásagan átti að þessu sinni að tengjast þemanu „Dear World“.

Gunnar Helgason rithöfundur tilkynnti nemendum úrslit í innanskólakeppninni á sinn einstaka og skemmtilega hátt og í kjölfarið fengu vinningshafar

afhent glæsileg bókaverðlaun og viðurkenningarskjal.

Í flokknum 5. bekkur og yngri fengu eftirtaldir nemendur bækur eftir Roald Dahl => úr 5. AJK: Hróar Ingi Hallsson, úr 5. BE: Matthías Þór Eypórsson, og úr 5. LH: Hera Fönn Lárusdóttir.

Í flokknum 6. –7. bekkur fengu eftirtaldir nemendur bækur í bókaflöknum Bear Grylls Adventures => úr 6. SS: Dagbjört Fanný Stefánsdóttir, og Sigurður Grétar Gunnarsson, og úr 7. ÖAG: Bryndís Klara Árnadóttir.

Í flokknum 8. – 10. bekkur fengu eftirtaldir nemendur bækur í bókaflöknum Percy Jackson eftir Rick Riordan => úr 8. MÍ: Úlfur Þórhallsson, úr 9. SÁ: Hallgrímur Daðason, og Kiefer Rahhad Arabiyat Bárðarson.

Vinningssögurnar verða svo sendar í landskeppnina og auk þess verður úrval smásagna sett upp á sýningu á bókasafninu í Sunnumörk í desember og er alveg tilvalið að fara þangað í aðventunni til að lesa þær.



Starfsmaður óskast á hænsnabú

Matfugl ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í 60% starf á hænsnabúi í Ölfusi.

Starfið hentar duglegum og samviskusömum einstaklingi með reynslu og áhuga á umhirðu dýra. Nánari upplýsingar í síma 660 8676.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

FEB í Hveragerði á síma- og tölvunámskeiði

Um þessar mundir er í gangi síma- og tölvunámskeið fyrir fólk í FEB Hveragerði. Námskeiðið er vel sótt og nemendunum 30 er skipt í 4 hópa þannig að kennslan verði sem mest einstaklingsmiðuð.

Hver hópur fær 3 tíma í heildina hjá ungum og góðum grunnskólakennara sem heitir Kristinn Ólafsson. Námskeiðið er haldið í Þorlákssætri, sal eldri borgara og er í boði félagsins.



Svartur föstudagur
20%

afsláttur af sport- og sólgleraugum!

Verslaðu á eyesland.is

Tilboð dagana 22 - 28. nóvember

Ný og spennandi vefverslun!
www.eyesland.is

eyesland

Íþróttir

Hamar með tvöfaldan sigur á KA

BLAK Það var KA-helgi í Hveragerði um helgina þar sem heimamenn tóku á móti KA á laugardag og sunnudag í Miz-unodeild karla í blaki.

KA-menn mættu vel stemmdir til leiks báða dagana og unnu fyrstu hrinuna 26-24 á laugardag og 25-21 á sunnudag. Hamarsmenn þurftu þetta spark í báðum leikjum til að hrökkva í gírinn og á sunnudag unnu þeir næstu 3 hrinur, 25-20, 25-18 og 25-23. Hamarsmenn þurftu því að hafa aðeins meira fyrir sigrinum en í gær þar sem hrinurnar unnust gegn 12, 13 og 20 stigum KA-manna. Úrslit beggja leikja s.s. 3-1 fyrir Hamar.

Maður leiksins á laugardaginn var Wiktor Mielczarek, Hamri, en á sunnudeginu, m var það Hamarsmaðurinn Thomaz



Myndir úr leik KA og Hamars (Hamar hvítklæddir).

Leik sem bar af.

Þrátt fyrir að tölurnar gefi vísbendingu um öruggan sigur, þá gáfust KA menn ekki upp fyrr en í fulla hnefana. Var orðið sæmilega heitt í kolunum undir lok leiks þar sem KA menn börðust af krafti fyrir að ná fram

oddahrinu en það hefði verið í fyrsta skipti sem Hamar hefði lent í þeirri stöðu frá því liðið var stofnað haustið 2019. Það hafðist þó ekki og andstæðingar Hamars þurfa því að bíða enn um sinn eftir að hirða stig af þeim bláklæddu.

Skellur í Suðurlandsslagnum

HANDBOLTI Selfoss tapaði örugglega í Suðurlandsslagnum á sunnudagskvöldið þegar liðið mætti ÍBV í Eyjum, 32-25. Eyjamenn tóku strax frumkvæðið í byrjun leiks og náðu mest fjögurra marka forskoti, 13-9, eftir um 20 mínútna leik. Selfyssingar áttu góðan kafla undir lok fyrri hálfleiks og minnkuðu muninn niður í eitt mark í hálfleik, 15-14. Jafnræði var með liðunum fyrstu mínútur seinni hálfleiks, Eyjamenn gáfu hins vegar í og náðu fljótt fimm marka forskoti. Selfoss gerði nokkrar atlögur að því að minnka muninn en höfðu ekki erindi sem erfiði og niðurstaðan sjö marka tap, 32-25. Einar Sverrisson var markahæstur Selfyssinga með 9/6 mörk. Guðmundur Hólmur Helgason skoraði 6 og Árni Steinn



Steinþórsson 3, þeir Hergeir Grímsson og Tryggvi Þórisson skoruðu 2 mörk hvor og þeir Elvar Elí Hallgrímsson, Karolis Stropus og Richard Sæþór Sigurðsson skoruðu allir 1 mark hver. Sölvi Ólafsson varði 9 skot (36%) í marki Selfoss og Vilis Rasimas varði 3 skot (16%). Selfoss er áfram í 8. sæti deildarinnar með 6 stig. Næsti leikur liðsins er gegn Gróttu á heimavelli fimmtudaginn næstkomandi.

Tinna Soffía tekur upp skóna að nýju

HANDBOLTI Tinna Soffía Traustadóttir hefur tekið upp handboltaskóna á ný eftir sex ára pásu.

Tinna var einn af þeim leikmönnum sem endurvöktu meistaraflokk kvenna á sínum tíma og spilaði með Selfoss allt til ársins 2015, þegar hún þurfti að láta skóna á hilluna vegna höfuðmeiðsla. Hún á að baki 54 leiki með Selfoss og skoraði í þeim 117 mörk ásamt því að hafa verið atkvæðamikil í vörminni. Hún hefur farið vel af stað með liðinu í vetur og verið drjúg bæði sóknar- og varnarlega.

Það er því mikil ánægja að Tinna skuli hafa samið aftur við Selfoss og bjóðum við hana velkomna aftur til leiks.



Dímon vann stigakeppnina á héraðsmótiinu í borðtennis

BORÐTENNIS Héraðsmót HSK í borðtennis var haldið í íþróttahúsinu á Hvolsvelli sl. laugardag. Mótið var nú haldið í 46. sinn, en fyrsta héraðsmótið var haldið árið 1975. Mótið hefur farið fram árlega síðan, þar til í fyrra, en þá þurfti að aflýsa mótiinu vegna heimsfaraldurs.

Í ár mættu keppendur frá þremur félögum til leiks og vegna Covid fjöldatakmörkana var mótið tvískipt. Keppendur í flokkum 13 ára og yngri hófu keppni fyrir hádegi og 14 ára og eldri mættu kl. 14:00.

Á mótiinu var keppt í einliðaleik í 11 flokkum og veitt



voru verðlaun í öllum flokkum. Keppendur frá Dímon unnu sjö HSK meistaratitla, Garpur vann þrjá titla og Selfoss einn titil.

Dímon vann stigakeppni félaga með 120 stig, Garpur varð í öðru sæti og Selfoss í þriðja.



Hestaíþróttir allt árið á Selfossi

HESTAR Nú geta börn og unglingar, sem ekki hafa aðgang að hesti, í fyrsta sinn stundað hestaíþróttir allt árið á Suðurlandi. Hestamannafélagið Sleipnir, býður börnum og unglingum að æfa hestaíþróttir hjá félaginu. Verkefnið hófst í október síðastliðnum en hjá okkur er innifalinn aðgangur að hesti og reiðtygjum, kennsla í reiðmennsku hjá reyndum þjálfurum auk bóklegra og verklegra tíma í umhirðu og flestu sem fylgir því að halda hest.

Stjórn félagsins ákvað í haust að fara í þetta verkefni eftir reynslu af prufuverkefni sem var rekið á vorönn 2021 í samvinnu við Elísabetu Sveinsdóttur en hún rekur úrræðið „Treystu mér“, fyrir börn og unglinga sem eiga í erfiðleikum, þar sem unnið er með hestum á svæði félagsins.

Félagið tók á leigu húsnæði til rekstursins og hefur notið stuðnings félagsmanna með hross og reiðtygi. Rekstur verkefnisins er á höndum félagsins og höfum við óskað eftir aðkomu sveitarfélaga að rekstrinum með svipuðu sniði og stutt er við önnur íþróttafélög.

Daglegur rekstur hestaíþróttar hjá Sleipni er í höndum formanns æskulýðsnefndar félagsins, Lindu Björgvinsdóttur en hún nýtur stuðnings Guðbjargar Önnu Guðbjörnsdóttur, meðlims stjórnar félagsins. Guðbjörg kemur frá hestamannafélaginu

Sörla í Hafnarfirði, þar sem bæjarfélagið hefur keypt góða aðstöðu undir hestaíþróttir ætlaðar yngri flokkum barna, unglinga og ungmenna í hestaíþróttum og eru tveir starfsmenn bæjarins þar sem sjá um hesthúsið og skipulagningu starfseminnar í samvinnu við stjórn Sörla.

Sleipnir leggur áherslu á gott utanumhald um æskulýðsstarfið og statar af einum knapa í hæfileikamótin LH (Landssambands hestamanna) sem er afrekshópur ungra knapa 13-17 ára og tengist landsliðsverkefni sambandsins.

Sleipnir á jafnframt þrjá knapa í U-21 árs landsliðinu og þrjá í eldri knapa landsliðinu.

Tveir knapar úr Sleipni voru tilnefndir til verðlauna á uppskeruhátíð Landssambandsins, þau Sigursteinn Sumarliðason sem skeiðknapi ársins og Gyða Sveinbjörg Kristinsdóttir sem efnilegasti knapi ársins. Marga afreksknapa mætti telja upp, úr röðum félagsmanna, sem lýsir best miklum áhuga á hestaíþróttum á svæðinu.

Sleipnir vill vinna að frangangi hestaíþróttarinnar og hlúa sérstaklega að barna og unglingaflokkum með því að bjóða upp á aðstöðu og utanumhald með það að markmiði að einfalda aðgengi að íþróttinni.

Við bjóðum áhugasöm börn og unglinga velkomin til okkar í þessa skemmtilegu íþrótt.

Formaður Sleipnis, Sigríður M. Björgvinsdóttir.

Enn þrengir að

Nú er gengið í garð þriðja Næfinga- og keppnistímabil handboltans og annarra íþrótta undir misjafnlega ströngum skilmálum vegna heimsfaraldurs Covid. Íþróttahreyfingin hefur unnið þrekvirkni með að halda sinni starfsemi að mestu leyti gangandi við erfiðar aðstæður og miklar takmarkanir.

Hjá handknattleiksdeild Selfoss hefur verið lögð mikil vinna í að halda starfinu eins reglulegu og mögulegt er innan ramma takmarkana, sóttkvía og aðgerða sem hafa verið í gangi hjá okkur, ýmist á landsvísi eða staðbundið hér á Selfossi. Að frátöldum tímabilum sem æfingar og keppnir voru bannaðar eða sérstakar smitbylgjur gengu yfir, hefur tekist að halda úti flestum æfingum en talsvert af leikjum og keppnum hafa verið felldar niður vegna sóttvarnaaðgerða. Iðkendur og foreldrar hafa sýnt þessu skilning en allir eru orðnir langþreyttir á ástandinu. Ástandið hefur komið misjafnlega niður en þjálfarar, starfsfólk og sjálfbóðaliðar hafa lagt á sig ótrúlega mikla vinnu til að uppfylla sóttvarnarkröfur.

Mikið og öflugt starf

Barna- og unglingastarf deildarinnar er í föstum skorðum og gengur vel innan þeirra takmarkana sem við þurfum að búa



við. Vegna fjölda iðkenda erum við með 3 meistaraflökka karla í Íslandsmótum og gefum þannig yfir 40 einstaklingum tækifæri til að æfa og keppa á sínu getustigi í stað þess að hátt í helmingur þeirra hefði engin verkefni við hæfi. Einnig höldum við úti meistaraflökki kvenna sem er vaxandi fyrirmynd iðkenda á svæðinu og nauðsynlegur hluti okkar starfs.

Afleiðingar af sóttvarnarráðstöfunum eru margskonar. Fyrir handknattleikinn er staðan sú að núna, þriðja árið í röð, kemur ekki nema lítill hluti áhorfenda á leiki og mót, skiljanlega, því bæði eru í gildi strangar takmarkanir og fólk hrætt við að

fara í fjölmenni. Þannig megum við að hámarki taka á móti 33 áhorfendum í Sethöllina en 81 þegar við getum bætt við öðru sóttvarnarhólfi. Þetta á við um alla leiki, barna, unglinga og meistaraflökka og útheimtir mikla vinnu, undirbúning, skráningar ofl.

Tapaðar tekjur

Undanfarin ár hefur okkur tekist með mikilli vinnu sjálfbóðaliða, miklum stuðningi einstaklinga og fyrirtækja að reka handknattleiksdeildina réttu megin við núllið, sem er nauðsynlegt til að starfið gangi upp. Covid faraldurinn hefur hinsvegar haft þau áhrif að deildin situr uppi með

verulegt tap sem ekki hefur verið bætt. Ríkisvaldið kom inn á síðasta ári og fram eftir þessu með góðan stuðning við íþróttafélög. Hann náði þó ekki nema til lítils hluta þess tjóns sem handknattleiksdeildin varð fyrir, sérstaklega af því að lokanir hittu á okkar helstu tekjuöflunartímabil tvö ár í röð. Fyrirheit um frekari stuðning hafa ekki skilað sér. Mikill stuðningur heimamanna hefur skilað okkur verulegum tekjum á síðari hluta keppnistímabils með góðri mætingu á heimaleiki, góðri þátttöku og stuðningi við margvíslegar fjárfæslanir okkar á vormánuðum. Síðustu tvö ár kom Covid í veg fyrir að þær skiluðu sér.

Tjón okkar liggur í fækkun áhorfenda á leiki, töpuðum fjáröflunum eins og happdrætti, stuðningsmannasamkomum, sölustarfsemi og lokahátíðum, auk þess sem nokkrir styrktaraðilar hafa neyðst til að minnka sinn stuðning vegna samdráttar. Stærsta gistimót ársins með yfir 800 þátttakendum sem vanalega fer fram í apríl hefur verið ein af okkar stærstu einstöku fjáröflunum með góðum stuðningi fyrirtækja og einstaklinga. Þau mót hafa nú fallið niður í tvö ár með tilheyrandi tekjutapi.

Beint tekjutap deildarinnar vegna Covid þessi tvö ár er orðið mjög mikið og nú er svo komið

að við þurfum aukinn stuðning til að komast í gegnum árið.

Öflugir stuðningsmenn

Mesti styrkur deildarinnar og íþróttastarfsins hér á Selfossi og Suðurlandi öllu hefur verið samstaða og stuðningur heimamanna og fyrirtækja og öflugir stuðningsmenn. Það sáum við best þegar karlaliðinu tókst að landa Íslandsmeistaratitlinum 2019 með frábærum stuðningi allra Sunnlendinga, sem við þökkum af heilum hug. Nú þurfum við á ykkar stuðningi að halda til að halda áfram uppi öflugum starfi. Í nóvember opnast sú leið að stuðningsmenn sem styrkja deildina um yfir 10 þús. kr. á ári fá að draga þá fjárhæð frá skattskyldum tekjum á skattaskýrslu og mun það gerast sjálfkrafa. Þá fá dyggir stuðningsmenn viðbótarávinning við stuðning sinn og við fögnum því mjög. Við munum á næstunni finna leið til að nýta þessa nýju heimild.

Við leitum til stuðningsmanna, almennings og fyrirtækja um að standa með okkur í gegnum þessa erfiðleika og vonumst eftir góðum viðbrögðum.

Þórir Haraldsson
formaður
handknattleiksdeildar
Umf. Selfoss.

1. DESEMBER Í ÞORLÁKSHÖFN

Aðventuhátíð

Markaðsstemning, kveikt á jólaljósum og jólaævintýraleiksýning í Skrúðgarði

Opið til kl. 21 á eftirfarandi stöðum

Kompan klippistofa
Markaður frá kl. 18

Versalir

Markaður á vegum Slysavarnafélagsins
Sigurbjargar þar sem 25 aðilar verða
með sölu og kynningarbása frá kl. 16

Kaffi Sól

Markaður og veitingasala frá kl. 16

Thai Sakhon Restaurant
Tilboð á jólabjór úr krana



Ævintýri í jólaskógi
vasaljósaleikhús



Jólaeiksyning í Skrúðgarðinum (50 mín.)

25 manna hópar fara af stað á 10 mín fresti

Enginn aðgangseyrir en
TÍMAPÖNTUN NAUÐSYNLEG.
Linkur á FB viðburðinum:
Ævintýri í jólaskógi



Sýningin
er hluti af dagskrá í
tilefni 70 ára afmælis
Þorlákshafnar

Frekari
upplýsingar
á FB síðunni
Hamingjan við hafið

Meiraprófsbílstjórar í náms- og skemmtiferð til Þýskalands

Í síðustu viku fóru meiraprófsbílstjórar í náms- og skemmtiferð til Þýskalands á vegum Ökulands á Selfossi sem býður, auk kennslu til aukinna ökuréttinda og endurmenntunar atvinnubílstjóra, upp á sérhæfðar hópferðir. Megin tilgangur ferðarinnar var þátttaka í akstursöryggisnámskeiði hjá Mercedes Benz í Rheinmünster. Í ferðinni var og ekið um í nágrenni Svartaskógar, tvö bílasöfn skoðuð svo eitthvað sé nefnt.

Gaman er að segja frá að mjög margir bílstjórar sem starfa á Suðurlandi voru í hópnum, m.a. frá Borgarverki, Gröfubjónustu Steins Þórarinssonar, Auðberti og Vigfúsi Páli, I.G. Bílum, og HM-bílum auk einstaklinga sem starfa við atvinnubíla.

Á námskeiðinu var farið í gegnum nýjungar í aksturs- og öryggisbúnaði Benz vörubíla en einnig fór mikill hluti námskeiðsins í verklegar akstursæfingar.

Námskeiðið er metið til endurmenntunar atvinnubílstjóra.

„Með því að fá tækifæri til þess að gera verklegar akstursöryggisæfingar, m.a. við nauðhæmlun, upplifir ökumaður og öðlast betri skilning á öryggiskerfum sem er í vörubílum og þannig má auka öryggi í umferðinni“ sagði Guðni Sveinn Theodórsson ökukennari og fararstjóri í ferðinni.



Ekki hefðbundinn jólamarkaður hjá Viss

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verður ekki hefðbundinn jólamarkaður hjá okkur á Viss.

Þann 23. nóvember mun búð-

in opna stúttfull af jólavarningi og mun vera opið alla virka daga frá 9-16 fram að jólum

Munum eftir grímunni og sprittinu



75% Aðstoð í eldhúsi Krakkaborg, Flóahreppi

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og að jafnaði dvelja þar um 35-50 börn frá 9 mánaða aldri. Leikskólinn er Grænfána leikskóli og er lögð rík áhersla á umhverfismennt og grenndarkennslu. Hér er góður starfsmannahópur og góður starfsandi, yndisleg börn og jákvæðir foreldrar.

Starfsvið:

- Starfar í eldhúsi eða mótuneyti s.s. við matarskömmun og þrif og fær að jafnaði nákvæma leiðsögn frá næsta yfirmanni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum og starfi
- Frumkvæði og jákvæðni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Með umsókn skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil, upplýsingar um umsagnaradila og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í stafið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sara Guðjónsdóttir, leikskólustjóri í síma 480-0151. Hægt er að sækja um starfið með því að senda tölvupóst á leikskoli@floahreppur.is en einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu leikskólans <http://krakkaborg.leikskolinn.is/>

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Þegar hæfasti umsækjandi hefur verið valinn verður óskað eftir undirritaðri heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá viðkomandi.



75% Kitchen assistance at Krakkaborg, Flóahreppi

Krakkaborg is a three-division preschool where as a rule 35-50 children attend, from the age of nine months. The school has been awarded the Green Flag, where emphasis is on environmental education and teaching in the near vicinity. The staff is a great group with a good work ethic, the children are lovely and the parents have positive attitudes.

Duties:

- Work in kitchen or cafeteria, serving food, cleaning under the direction of the immediate supervisor.

Qualification requirements:

- Must be considerate and flexible in personal dealings and work duties.
- Must demonstrate initiative and a positive attitude.
- Must be independent and use organized work methods.

Applications shall include education and resumé, personal references, with a cover letter with the reason for seeking this position as well as justification for the required qualifications. For further information contact Sara Guðjónsdóttir at 480-0151, you can also contact via email leikskoli@floahreppur.is or visit our website <http://krakkaborg.leikskolinn.is/>

Candidate should be prepared to begin work soon. Upon determining the most qualified applicant, consent will be requested to obtain pertinent information from any existing criminal record.



75% Pomoc kuchenna w Krakkaborg, Flóahreppi

Krakkaborg to trzyoddziałowe przedszkole, do którego uczęszcza 35-50 dzieci w wieku powyżej dziewięciu miesięcy. Przedszkole wyróżnione nagrodą „Zielona Flaga”, w którym przykładamy dużą wagę do edukacji ekologicznej i dbania o najbliższą okolicę. Pracownicy Krakkaborg to zgrany zespół przestrzegający etyki zawodowej nauczyciela, dzieci są urocze, a rodzice pozytywnie nastawieni.

Obowiązki:

- Praca w kuchni lub stołówce, serwowanie jedzenia oraz sprzątanie pod nadzorem przełożonego.

Kandydat musi:

- być uważny i elastyczny w sprawach osobistych i zawodowych,
- wykazywać inicjatywę i dobre nastawienie,
- być niezależny i zorganizowany w pracy.

Wnioski powinny zawierać wykształcenie i życiorys, referencje osobiste oraz list motywacyjny przedstawiający powody, dla których kandydat aplikuje na powyższe stanowisko wraz z uzasadnieniem wymaganych kwalifikacji. W celu uzyskania dodatkowych informacji prosimy o kontakt: Sara Guðjónsdóttir tel. 480-0151 e-mail: leikskoli@floahreppur.is lub przez stronę internetową krakkaborg.leikskolinn.is

Kandydaci powinni być przygotowani na rozpoczęcie pracy w najbliższym czasie. Po wybraniu najlepiej wykwalifikowanego kandydata zostanie on poproszony o przedstawienie zaświadczenia o niekaralności.



Hönnunarvefur **PRENTMETS ODDA** er kominn í loftið!

honnun.prentmetoddi.is

20% afsláttur af öllum pöntunum út
desember með kóðanum **OPNUN20**.



Myndabækur • Dagatöl • Kort
Ljósmyndir • Nafnspjöld • Stimplar

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfið með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



Nýjar sóttvarnreglur hafa tekið
gildi og við tökum að sjálfsögðu
tillit til þeirra.

OPIÐ HÚS

Fellur niður næstu tvo
fimmtudaga; 25. nóv. og 2. des.

Önnur starfsemi, námskeið og
samkomur, eru í höndum við-
komandi stjórnenda. Minnum á
heimasíðu FEBSEL og Facebook,
þar sem allar tilkynningar birtast.

Munum að sýna ábyrgð
– grímur og sprit og virðum
fjarlægðarmörk.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Krani
&
tæki

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

KB Bókhaldsþjónusta

Bókhald • Launavinnslur
Stofnun fyrirtækja
Framtöl • Skattframtöl o.fl.

Persónuleg þjónusta við
einstaklinga og fyrirtæki.

Katrín Hjálmarsdóttir
viðurkenndur bókarí
kotubok@simnet.is • S. 865 8431

KIRKJUR

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 27. nóv-
ember. Biblíulexíur kl. 11 og
guðsþjónusta kl. 12. Kristinn
Ólafsson verður með ræðu.
Verið velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11. Fyrsti sunnudagur
í aðventu. Spádómakertið tendr-
að á aðventukransinum. Fjár-
sjóðskista fyrir börnin. Organisti
Jón Bjarnason. Sr. Kristján
Björnsson, biskup, þjónar fyrir
altari og prédikar.

Haukadalskirkja

Messa kl. 13. Fyrsti sunnudagur
í aðventu. Spádómakertið tendr-
að á aðventukransinum. Fjár-
sjóðskista fyrir börnin. Aðal-
safnaðarfundur og kirkjukaffi á
eftir á Hótel Geysi hjá Mabil
Gróu Másdóttur. Organisti Jón
Bjarnason. Sr. Kristján Björns-
son, biskup, þjónar fyrir altari og
prédikar.

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

PANTAÐU
LJÓSMUNDIR

honnun.prentmetoddi.is

Penninn Eymundsson
opnar á Selfossi

Ný verslun hefur opnað að Brúarstræti 6
í nýja miðbænum á Selfossi

Við bjóðum alla
Sunnlendinga, jafnt
einstaklinga sem
fyrirtæki, velkomin
og hlökkum til að eiga
við ykkur farsælt og
ánægjulegt samstarf
í ykkar heimabyggð!



penninn.is
540-2316 / 540-2050

selfoss@penninn.is
penninn@penninn.is



ÓSKUM EFTIR

PRENTSMÍÐ, GRAFÍSKUM
MIÐLARA EÐA NEMA

Í 100% STARF Á SELFOSSI

Helstu verkefni: Umbrot, hönnun, stafræn prentun og
önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf eða burtfararpróf
í prentsmíði / grafískri miðlun
- Góða tölvu- og tækniþekkingu í faginu
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

Vinnutíminn er frá kl. 8:00-16:30 alla virka daga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri
mannauðsmála í isi@prentmetoddi.is, s. **8 560 601** og
útibústjórinn okkar á Selfossi þ.e. brv@prentmetoddi.is,
s. **8 560 656**.

Umsóknarfrestur er til 2. desember nk.

Vinsamlegast sækðu um starfið á alfred.is.

Prentmet Oddi er stærsta og framsæknasta prent-
smíðja landsins sem býður upp á heildarlausnir og
hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg
þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Höfuðstöðvar
fyrirtækisins eru í Reykjavík og síðan rekur það útibú á
Selfossi og Akureyri. Fyrirtækið er Svansvottað og framleiðir
pappírsumbúðir, límíða, bækur, stimpla og allt almennt prentverk.
Lögd er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustaði.



Umbúðir



Almenn
prentun



Bækur



Límíðar



Stimplar



Elsti barnaskóli landsins umkomulaus í óboðlegu húsnæði

Guðmundur Ármann



Nú á nýju ári mun Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) fagna 170 ára afmæli. Þann 25. október árið 1852 hófst skólastarf með stofnun Barnaskóla Eyrarbakka. Það má segja að af virðingu við þá merku sögu sem Barnaskólinn á Eyrarbakka á að þá er skólinn sá eini sem kallar sig enn barnaskóla, aðrir skólar eru nefndir grunnskólar.

Sá skóli sem á að vera djárn og stolt okkar sem búum í Árborg, er það því miður ekki. Nemendur, kennarar, starfsfólk og stjórnendur ganga

hvern dag til skóla og gera sitt besta við aðstæður sem eru fullkomlega óboðlegar fyrir alla þá sem að skólastarfinu koma.

Hinar óboðlegu aðstæður eru ekki nýtt vandamál. Þetta er staða sem hefur versnað og versnað ár frá ári.

Það hefur verið áhugavert að fylgjast með öflugum foreldrum barna í ýmsum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu fylgja fast eftir kröfum um boðlegt og heilsusamlegt húsnæði fyrir börn sín. Eðlilegum kröfum þar sem bæjaryfirvöld hafa orðið að bregðast við og það strax.

Það er umhugsunarvert hvort að við sem erum foreldrar barna á Eyrarbakka og Stokkseyri erum orðin of vön þeirri ömurlegu stöðu sem börn okkar eru sett í þegar þau nýta húsakost á Eyrarbakka.

Húsnæðismál barnaskólans á

Eyrarbakka hafa verið sem heit kartafla um áratuga skeið. Eina ákvörðunin sem hefur verið tekin er að taka ekki ákvörðun er varðar uppbyggingu skóla á Eyrarbakka. Þessu verður að breyta og það strax.

Afmælisgjöf Árborgar í tilefni af 170 ára afmæli skólastarfs á Eyrarbakka ætti að vera trygg fjármögnun og upphaf framkvæmda á nýju skólalúsnæði á Eyrarbakka.

Þar til nýtt skólalúsnæði verður tekið í notkun er nauðsynlegt að bæta verulega þá aðstöðu sem nemendur, kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk býr við á Eyrarbakka.

Ákvörðunin og ábyrgðin er hjá bæjarsjórn og nú er lag að bregðast við og að taka ákvörðun.

Viðreisn í Rangárvallasýslu stofnuð



Stofnfundur Viðreisnar í Rangárvallasýslu var haldinn í vikunni á Hellu.

„Þetta er kærkomin viðbót í stjórnmálaflóru Rangárvallasýslu sem vonandi glæðir lífi og litum í sveitarstjórnarmálin á svæðinu. Hér er þörf og rými fyrir frjálslýnt stjórnmálaafl á svæðinu,“ segir Bjarki Eiríksson, sem kjörinn var formaður félagsins á fundinum. Einnig voru Azfar Karim og Erla Sigríður Sigurðardóttir kjörin í undirbúningsstjórn.

„Við megum fagna því að loksins hefur frjálslýndið vaknað á svæðinu með stofnun Viðreisnar í Rangárvallasýslu, svæði sem þekktara hefur

verið fyrir íhaldssemi og kyrrstöðustjórnarmál. Með málefnalegri orðræðu, áherslu á gagnsæi í stjórnsýslunni og aga í opinberum fjármálum að vopni

mun Viðreisn í Rangárvallasýslu skapa sér stóran sess í stjórnmálaflóru svæðisins.“

Viðreisn í Rangárvallasýslu nær til Rangarþings Ytra, Rangarþings Eystra og Ásahrepps og mun annast framboð Viðreisnar í sveitarstjórnarkosningunum á starfssvæðinu. Fólk sem áhugasamt er um að starfa með félaginu, getur sent tölvupóst á rangarthing@vidreisn.is

Frekari upplýsingar veitir Bjarki Eiríksson, sími 869 4239



Sigurhæðir flytja

Sigurhæðir – þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi - hafa flutt aðsetur sitt frá Stróknunum á Skólavöllum 1 að Þórsmörk 7 á Selfossi. Með þessum nýju húsakynnum batnar aðstaðan til að taka á móti skjólstaðingum Sigurhæða til mikilla muna. Líklega munu opnunartímar úrræðisins taka breytingum, en þær verða kynntar á heimasíðunni sigurhaedir.is þegar þær að kemur.

Ekið er inn í Þórsmörkina frá Árveginum gegnt Heilbrigðisstofnun Suðurlands.



KIRÓ RVK X SELFÖSS & NÁGRENNI

Guðmundur Birkir Pálmasón Kírópraktor verður að vinna á Selfossi dagana 4 og 5 desember.

Staðsetning
Yoga salir, Eyrauvegi 38

4-5 Desember, 2021
Lau: 10-18
Sun: 9-12

Bókunir í síma 571 9110 eða á kirorvk@kirorvk.is

Verið hjartanlega velkomin

Ef þú ert hjá hefur verið hjá kírópraktor áður og villt koma er nóg að bóka endurkomu. Þó að þú hafir ekki verið áður hjá mér.



Sunnulækjarskóli

Við Sunnulaekjarskóla á Selfossi eru eftirtaldir stöður lausar til umsóknar

- Kennari á elsta stigi 100% staða
- Kennari til að sinna forföllum 60-100% staða

Í Sunnulaekjarskóla eru um 700 nemendur og þar er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærpjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.

Umsóknarfrestur er til 6. desember 2021.

Nánari upplýsingar um störfina eru á ráðningarvef sveitarfélagsins starf.arborg.is og hjá skólastjóra í síma 480-5400 og netfang birgir@sunnulaekjarskoli.is.

Sækja þarf um stöðurnar á vef sveitarfélagsins, starf.arborg.is.

Skólastjóri

Kolefnasporið mitt, þitt og okkar allra

Hvað með íslensku slagorðin „Veljum íslenskt“ og „Ísland, já takk“? Hvað erum við að hugsa varðandi prentun íslenskra bóka?

Íslenskar bækur eru í dag prentaðar í fjölmörgum löndum, heimsálfum og til sölu á íslenskum bókamarkaði.

Samkvæmt Viðskiptablaðinu 2. desember 2020, var fjöldi prentaðra bóka erlendis 519 (79,6%) og fjöldi prentaðra bóka á Íslandi 133 (20,4%). Það verður áhugavert að fylgjast með hver niðurstaðan verður í desember 2021.

Þegar horft er á prentun barnabóka á Íslandi 2021 og samanburður gerður á prentun 2019 og 2020, koma í ljós áhugaverðar staðreyndir.


Árið 2019 voru prentaðar 225 barnabækur á íslensku. Prentaðar erlendis voru 202 (90%) og prentaðar á Íslandi 23 (10%).

Sviðsmyndin 2020 var 241 prentaðar barnabækur á íslensku. Þar af voru prentaðar 221 (92%) bækur erlendis en 20 (8%) barnabækur á Íslandi.

Bókasafn á höfuðborgarsvæðinu gaf út lista yfir nýútgefnar barnabækur á íslensku fyrir september mánuð 2021. Á þessum lista eru 13 nýjar barnabækur. Það er 1 (7,67%) bók „Ljóni og Lindís plokka“ prentuð á Íslandi hjá Prentmet Odda og 12 (92,33%) bækur prentaðar erlendis.

Þessi samanburður sýnir augljóslega að prentun íslenskra barnabóka á stórlega undir högg að sækja. Kemur það til með að heyra sögunni til að það verði í framtíðinni prentaðar barnabækur á íslensku á Íslandi? Því prentun barnabóka er sá bóka-flokkur, sem titlum prentuðum á Íslandi fækkar mest.

Einhver getur sagt: „Er þetta ekki allt í lagi, við búum í al-



Á myndinni eru höfundur bókanna, Guðný Anna Annasdóttir og Friðrik I Friðriksson, viðskiptastjóri hjá Prentmet Odda. Myndin er tekin 7. október 2021 við afhendingu bókanna „Ljóni og fjölburarnir“ og „Ljóni og ævintýraklippingin“.

þjóðlegu samfélagi“. Þ.a.l. fara íslenskir útgefendur með bækur í prentun, hvar sem er í heiminum, ef það er ódýrara en á Íslandi.

Það má setja spurningu við, hversu mikið ódýrara er að prenta barnabækur erlendis? Hvaða þjónustu ertu að fá varðandi þessa prentun? Hver eru gæði prentunarinnar?

Það getur verið að þetta sé ódýrara fyrir útgefandann, en er það hagkvæmara fyrir íslenskt samfélag? Hvert er kolefnisspor þess að prenta erlendis andstætt því að prenta á Íslandi. Hver króna sem fer í að prenta erlendis skapar ekki margföldunaráhrif á Íslandi, heldur skapar störf erlendis.

Við þurfum líka að spyrja okkur, erum við með þessu að styðja við erlend lágláunastörf eða barnaprælkun? Á Íslandi er notuð græn orka. Hvernig orka

er notuð við að prenta bækur erlendis? Eru það kol? Er prentunin Svansvottuð? Og svona mætti lengi spyrja.

Hvað gerist ef þessi mikla bókmenntaþjóð hefur ekki lengur möguleika á innlendra prentun? Það má ekki gleyma að í prentun bóka liggur mjög mikil fagþekking. Íslenska þjóðin hefur notið íslensk prentaðra bóka í ca. 500 ár. Þetta er stórkostlegur menningararfur, sem við öll þurfum að setja í öndvegi. Veljum því íslenskt.

Með vinsemi og virðingu.
Guðný Anna Annasdóttir
rithöfundur og útgefandi

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet Oddi
heilðarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D-H BÓKHALD
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaraðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbii
Siggafærdiz
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsníði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

UPPLESTUR ÚR JÓLABÓKUM
★ ÖLL FIMMTUDAGSKVÖLD
★ Covid-kvóti á gestafjölda
Bókakaffið
Bókakaffið | Austurvegi 22 | 800 Selfoss

SKRÁNING
og nánari upplýsingar á
bokakaffid@bokakaffid.is